

**Sb.**

**49. Fyrirspurnir.**

[46. mál]

I. Til menntamálaráðherra um sjónvarpsskilyrði á fiskimiðum umhverfis landið.

Frá Karvel Pálmasynt.

1. Hvað liður framkvæmd þingsályktunar þeirrar, sem samþykkt var á Alþingi hinn 14. apríl 1973, um könnun á móttöku sjónvarpssendinga á fiskimiðunum umhverfis landið, og gerð kostnaðaráætlunar um úrbætur, ef þeirra reynist þörf?
2. Er þess að vænta, að niðurstöður umræddrar könnunar og kostnaðaráætlun varðandi framkvæmdir verði lagðar fyrir yfirstandandi þing?

II. Til iðnaðarráðherra um rafvæðingu dreifbýlisins.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1. Hvað liður framkvæmd þriggja ára áætlunar um rafvæðingu dreifbýlisins?
2. Hvaða meginbreytingar hafa verið gerðar á þeirri þriggja ára áætlun um rafvæðingu dreifbýlisins, sem lögð var fram í nóvember 1971?
3. Hvenær má ætla, að framkvæmdum samkvæmt þessari áætlun verði lokið?
4. Hvað hefur valdið töfum á framkvæmd umræddrar áætlunar?
5. Hvenær er gert ráð fyrir rafvæðingu Árneshrepps í Strandasýslu?